

Alþingi

Erindi nr. Þ 116 / 92

komudagur 9 / 10 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Matthías Bjarnason, form.
Alþingi.

Reykjavík 5 október 1992

Athugasemdir við frumvörp til laga um verðbréfavíðskipti, verðbréfasjóði og Verðbréfaþing Íslands.

Hér á eftir fara nokkrar athugasemdir við frumvörp til laga um verðbréfavíðskipti, verðbréfasjóði og Verðbréfaþing Íslands. Farin er sú leið að gera fyrst almennar athugasemdir við frumvörpin en síðan eru gerðar athugasemdir við einstakar greinar þess og eftir atvikum settar fram tillögur Samtaka verðbréfafyrirtækja um orðalag á einstökum ákvæðum.

Fulltrúar frá samtökum verðbréfafyrirtækjanna voru ekki hafðir með í ráðum við samningu frumvarpanna og gátu því ekki haft mótandi áhrif á frumvarpsdrögin í byrjun, eins og æskilegt hefði verið. Þetta hefur einnig þær afleiðingar að athugasemdir Samtaka verðbréfafyrirtækja við frumvörpin verða mun umfangsmeiri en ella hefði mátt gera ráð fyrir.

Almennar athugasemdir:

Það er yfirlýst markmið í samningi um evrópskt efnahagssvæði að stuðla að auknu frjálsræði á fjármagnsmarkaði og víðtæku frelsi til fjármagnsflutninga. Ekki verður séð að þessi markmið hafi skilað sér inn í frumvörp til laga um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði. Öll áherslan er lögð á skyldur verðbréfafyrirtækjanna sem eru auknar til muna á sama tíma og réttindi þeirra eru takmörkuð. Þannig er heimild verðbréfafyrirtækja til þess að annast rekstur verðbréfasjóða felld niður, verðbréfafyrirtækjum er bannað að veita lán eða ganga í ábyrgðir vegna verðbréfakaupa eða hafa milligöngu um slík viðskipti. Gerðar eru auknar kröfur um hlutafé og eigið fé verðbréfafyrirtækja. Reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga eru hertar svo og viðurlög við brotum. Þá bendir margt til þess að heimildir banka, sparisjóða og annarra lánastofnana aukist á verðbréfamarkaði sem dregur mjög úr gildi þeirra réttinda sem verðbréfafyrirtækin hafa haft. Frumvarp til laga um verðbréfasjóði gerir ráð fyrir flóknara og um leið dýrara rekstrarfyrirkomulagi verðbréfasjóðanna, auk þess sem fjárfestingarstefna þeirra er þrengd frá því sem áður var.

Samtök verðbréfafyrirtækja hafa gert fjölmargar athugasemdir við frumvörp til laga um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði. Tekið hefur verið tillit til sumra þessara athugasemda en öðrum hefur verið hafnað. Þau sjónarmið sem Samtök verðbréfafyrirtækja hafa lagt til grundvallar í sínum athugasemdum eru:

- Að ekki sé gengið lengra í að þrengja þær reglur sem verðbréfasjóðum og verðbréfafyrirtækjum er ætlað að vinna eftir en gert er ráð fyrir í EB reglunum, þannig að samkeppnisstaða íslenskra og erlendra verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða sé hin sama.
- Að sú grundvallarregla sé höfð að leiðarljósi að sömu reglur gildi um verðbréfafyrirtæki og önnur fyrirtæki í landinu eftir því sem við verður komið.

- Að starfsemi verðbréfafyrirtækja lúti sem mest almennum reglum en ekki einstökum undanþágum.
- Að valdsvið Bankaeftirlitsins takmarkaðist sem mest við eftiriitshlutverk þess og skýr verkaskipting væri milli eftirlitsaðila annarsvegar og úrskurðaraðila hinsvegar.
- Að reglur um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði séu sniðin með hagsmuni neytenda í huga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarps til laga um verðbréfasjóði.

3. gr. frumvarps til laga um verðbréfasjóði:

Samtök verðbréfafyrirtækja telja eðlilegt að það sé á valdi verðbréfasjóðanna sjálfra hvort þau noti orðið verðbréfasjóður til nánari skýringar á starfsemi sinni. Lagt er því til að ákvæðið verði heimildarákvæði eingöngu.

14. gr. frumvarps til laga um verðbréfasjóði:

1. mgr. ákvæðisins gerir ráð fyrir að varðveisla verðbréfa skuli falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu bankaeftirlitsins. Þegar fjárfest er í erlendum verðbréfasjóðum er óhjákvæmilegt annað en að vörslufyrirtækið sé erlent. Krafa um viðurkenningu bankaeftirlitsins er ekki raunhæf í slíkum tilvikum.

16. gr. frumvarps til laga um verðbréfasjóði:

Samtök verðbréfafyrirtækja leggja til að 2 mgr. 16. gr. um skráningu hlutdeildarskírteina á opinberum verðbréfamarkaði verði felld niður. Fyrirsjáanlegt er að fjölmargir verðbréfasjóðir munu sjá sér hag í því að skrá sjóðina á opinberum verðbréfamarkaði, og reyndar eru nú þegar nokkrir verðbréfasjóðir skráðir. Í öðrum tilvikum sjá verðbréfasjóðirnir sér ekki hag í því að skrá sjóðina með þessum hætti enda fer sala á hlutdeildarskírteinum fyrst og fremst fram hjá bönkum og sparisjóðum en ekki í gegnum verðbréfaþingið. Skráning á verðbréfaþingi hefði í för með sér óþarfa kostnað og kvaðir sem einstakir sjóðir sæu sér engan hag í að gangast undir. Þetta á ekki hvað síst um sjóði sem takmarkaður aðgangur er að. Samtök verðbréfafyrirtækja telja eðlilegt að þeir geti boðið upp á hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum hvort heldur þeir eru skráðir eða ekki og það sé síðan ákvörðun viðkomandi fjárfestis í hvorum sjóðnum hann vill fjárfesta. Ekki verður séð að nein skilyrði séu sett í UCITS tilskipuninni sem kveða á um það að hlutdeildarskírteini skulu skráð á opinberum verðbréfamarkaði. Samtök verðbréfafyrirtækja hafa heimildir fyrir því að hjá erlendum verðbréfasjóðum sé jöfnum höndum boðið upp á hlutdeildarskírteini sem eru skráð á opinberu verðbréfaþingi og hlutdeildarskírteini sem eru óskráð.

20. gr. frumvarps til laga um verðbréfasjóði. (Fjárfestingastefna Verðbréfasjóða)

Í athugasemdum Samtaka verðbréfafyrirtækja um frumvörp til laga um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði hefur umfjöllun um 20. gr frumvarps til laga um verðbréfasjóði verið fyrirferðamikil. Hefur gagnrýni samtakanna fyrst og fremst beinst að því að verið væri að þrengja svigrúm verðbréfasjóðanna til fjárfestinga meira en EB reglurnar gera ráð fyrir, þrátt fyrir yfirlýst markmið í greinargerð með frumvarpinu um að verið væri að samræma reglurnar að þessu leyti við reglur EB. Gagnrýni Samtaka verðbréfafyrirtækja að þessu leyti hefur mætt skilningi af hálfu bankaeftirlitsins og ráðuneytisins. Hinsvegar hefur gengið illa að koma saman viðunandi orðalagi á þessu

ákvæði, þrátt fyrir sameiginlegt markmið hlutaðeigandi aðila. Samtök verðbréfa-fyrirtækja ítreka að þau telja eðlilegast að lögfesta a og b lið 19 gr. V þáttar EB reglna óbreyttan, með þeim fyrirvara þó að endurbætur verði gerðar á íslenskri þýðingu ákvæðisins. Í a og b lið kemur skýrt fram sú aðgreining sem reglurnar gera á milli bréfa sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar og annarra verðbréfa skráðra jafnt sem óskráðra, sem ganga kaupum og sölum. Hér er um að ræða tvær ólíkar tegundir verðbréfa sem full ástæða og jafnframt skynsamlegt er að aðgreina með þeim hætti sem gert er í EB reglunum.

Með bréfi Viðskiptaráðuneytisins dags. 30 júlí s.l. er gerð tillaga um orðalag þessa ákvæðis. Sú breyting sem þar kemur fram er mjög til bóta. Það breytir þó ekki þeirri skoðun Samtaka verðbréfafyrirtækja að mun heppilegra sé að nota orðalag 19. gr. a og b liðs. UCITS - tilskipunarinnar óbreyttan. Þegar borin eru saman ákvæði a og b liðs 19 gr UCITS tilskipunarinnar annarsvegar og 1 mgr. 20 gr. frumvarpsins hinsvegar, kemur í ljós að frumvarpið leggur miklu meiri áherslu á eðli markaðarins heldur en UCITS tilskipunin gerir. Þannig er það gert að skilyrði að markaðurinn hafi hlotið viðurkenningu lögbærra yfirvalda þ.e. bankaeftirlitsins. Enginn slíkur áskilnaður er í UCITS tilskipuninni. Þetta kemur greinilega fram í athugasemdum við UCITS tilskipunina sbr. bls 40 í Commentary on the provisions of Council Directive 85/611/EEC of 20 December 1985 en þar segir: "No exact definition of such other markets is given, but it is clear that this refers primarily to the second tier stock markets that have been created in several Member States in recent years **and to the various unofficial markets**". Niðurlag þessara athugasemda bendir síður en svo til þess að gerðar séu sérstakar kröfur um einhverja formlega viðurkenningu lögbærra yfirvalda að þessu leyti. Öll áhersla tilskipunarinnar liggur í því að keypt séu inn verðbréf sem eru auðseljanleg. Engir fyrirvarar eru gerðir um skráningu bréfanna eða formlega viðurkenningu á markaðnum.

Með því að lögfesta 19. gr. a og b - lið UCITS tilskipunarinnar í óbreyttri þýðingu er tryggt að sömu reglur gilda um fjárfestingar erlendra og innlendra verðbréfasjóða. Með því að nota annað orðalag skapast sú hættu að markmið ákvæðisins náist ekki fram að öllu leyti og valdi þannig óréttmætri mismunun milli innlendra og erlendra verðbréfafyrirtækja. Þannig virðist sú tillaga sem sett er fram í bréfi Viðskiptaráðuneytisins ekki koma í veg fyrir að erlend verðbréfafyrirtæki kaupi verðbréf á markaði sem ekki er viðurkenndur af lögbærum yfirvöldum.

Með hliðsjón af framansögðu er því lagt til að 1 tl 20. gr. verði skipt upp í tvo liði og hljóði svo:

Verðbréfasjóði, eða einstökum deildum hans, er eingöngu heimilt að fjárfesta með eftirfarandi hætti:

1. Í framseljanlegum verðbréfum sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í aðildarríki.
2. Öðrum framseljanlegum verðbréfum sem ganga kaupum og sölum á skipulögðum markaði í aðildarríki, sem starfar á reglubundinn hátt er viðurkenndur og opin almenningi.

2 töluliður í frumvarpinu verði 3 tl. osfrv.

1. mgr. 23. gr. laga um verðbréfasjóði

Það hefur vakið athygli samtaka verðbréfafyrirtækja hve þröngar heimildir eru til fjárfestinga verðbréfasjóða í öðrum verðbréfasjóðum samkvæmt fyrirhuguðu frumvarpi. Í upphafi komu fram hugmyndir m.a. á óformlegum fundi með Bankaeftirlitinu að hér væri einungis verið að tryggja ákveðna dreifingu á fjárfestingum verðbréfasjóða í öðrum verðbréfasjóðum. Við nánari skoðun hefur þó sú niðurstaða orðið ofan á, með vísan til samræmingar við UCITS tilskipunina sbr. 24. gr. hennar, að heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í öðrum verðbréfasjóðum takmarkist við 5%. Samtök verðbréfafyrirtækja hafa heimildir fyrir því og leggja með bréfi þessu fram gögn því til staðfestu að innan aðildarríkjanna séu þrátt fyrir ákvæði UCITS tilskipunarinnar eru starfræktir fjölmargir verðbréfasjóðir, sem eingöngu hafa það að markmiði að fjárfesta allt að 100% fjármuna sinna í öðrum verðbréfasjóðum. **Telja Samtök verðbréfafyrirtækja mikilvægt að athugað verði við hvaða heimildir þessir sjóðir styðjast og jafnframt að slíkum heimildarákvæðum verði bætt inn í frumvarpið.**

Í þessu sambandi er rétt að athuga sérstaklega heimildarákvæði lögbærra yfirvalda til þess að veita undanþágu frá fjárfestingum verðbréfasjóða sem fram kemur í 3 mgr. 24 gr. UCITS tilskipunarinnar sbr. 2 mgr. 23 gr. frumvarps til laga um verðbréfasjóði. Þá er rétt að benda á athugasemdir við UCITS tilskipunina sem koma fram í (c) lið bls. 56 í Commentary on the provisions of Council Directive 85/611/EEC of 20 december 1985. "The restrictions described in (a) and (b) above do not apply to investment in the units of collective investment undertakings of the closed - ended type". Það er full ástæða til þess að gefa þessum athugasemdum fullan gaum. Ef þessar reglur eiga ekki að ná til fjárfestinga í "units of collective investment undertakings of the closed - ended type" þá þarf að fá nákvæma skilgreiningu á hverskonar sjóði hér er um að ræða. Í þessum athugasemdum virðist þrátt fyrir orðalag 24. gr, felast möguleiki fyrir verðbréfasjóði til þess að fjárfesta í öðrum verðbréfasjóðum, enda séu þær fjárfestingar þá bundnar við fjárfestingar í sjóðum "of the closed - ended type". Samtök verðbréfafyrirtækja hafa og heimildir fyrir því að í Bretlandi séu fjárfestingar verðbréfasjóða í öðrum verðbréfasjóðum fyrst og fremst takmarkaðar við það að ekki sé unnt að fjárfesta í verðbréfasjóði sem jafnframt fjárfestir í öðrum verðbréfasjóði.

Kjarninn í röksemdum Samtaka verðbréfafyrirtækja er hér eins og oft áður sá að valkostir íslenskra verðbréfasjóða séu ekki þrengri en erlendra sjóða sem íslenskir verðbréfasjóðir koma til með að eiga í samkeppni við. Til viðbótar þessu má nefna það að erfitt er að ímynda sér betri áhættudreifingu en þegar fjárfest er í öðrum verðbréfasjóðum. Rúmar heimildir verðbréfasjóða til fjárfestinga í öðrum verðbréfasjóðum falla því vel að þeirri neytendavernd sem hlýtur að vera eitt höfuðmarkmið lagasetningarinnar.

25. gr. frumvarps til laga um verðbréfasjóði:

Samtök verðbréfafyrirtækja vilja ítreka þá afstöðu sína að notað sé sama orðalag og í 26. gr. V. þáttar EB reglna. Hætta er á að fyrirfram ákveðin tímatakmark valdi óheppilegum þrýstingi sem leiði til þess að ekki verði valin skynsamlegasti tíminn til þess að leiðrétta framkomin frávík.

Lagt er til að ákvæðið hljóði þannig:

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skulu úrbætur vera forgangsatriði við verðbréfasölu fyrirtækisins, að teknu tilliti til hagsmuna eigenda hlutdeildarskírteina.

28. gr. frumvarps til laga um verðbréfasjóði:

Samtök verðbréfasjóða telja of viðhlutamikið að bóka öll viðskipti í gerðabók. Að öðru leyti er vísað til röksemda varðandi 18 gr. frumvarps til laga um verðbréfafyrirtæki. Orðalag ákvæðisins fer að nokkur leyti eftir því hvort tekið verði tillit til athugasemda Samtaka verðbréfafyrirtækja varðandi 20. gr, en burtséð frá því er lagt til að í stað þess að gerð sé krafa um sérstaka samþykkt stjórnar verðbréfasjóðsins og bókun í gerðarbók, þá verði gerð sú krafa að viðskiptin séu ekki á neinn hátt óvenjuleg og í samræmi við reglur sem stjórn sjóðsins setur og bankaeftirlitið samþykkir.

31. gr. frumvarps til laga um verðbréfasjóði:

Vísað er til umfjöllunar um stöðu endurskoðenda hér á eftir.

40. gr. frumvarps til laga um verðbréfasjóði:

Vísað er til umfjöllunar um stöðu bankaeftirlitsins hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti:

5. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti.

Heimildir verðbréfamiðlara til kaupa á verðbréfum miðast við heimildir verðbréfasjóða til fjárfestinga. Í ljósi þeirra breytinga sem samtök verðbréfafyrirtækja hafa lagt til að gerðar verði á fjárfestingastefnu verðbréfasjóða, sbr. athugasemdir við 20 gr. frumvarps til laga um verðbréfasjóði myndi ákvæði 5 gr. breytast til samræmis við þær tillögur. Eins og fram hefur komið miðast þær tillögur við það að orðalag UCITS tilskipunarinnar verði notað óbreytt.

9. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti:

Samtök verðbréfafyrirtækja telja þann frest sem ráðherra hefur til þess að taka ákvörðun um leyfisveitingu of langan. Lagt er til að hámarksfrestur verði 2 mánuðir.

10. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti:

Samtök verðbréfafyrirtækja telja eðlilegt að það sé á valdi verðbréfafyrirtækjanna sjálfra hvort þau noti orðið verðbréfafyrirtæki til nánari skýringar á starfsemi sinni. Lagt er því til að ákvæðið verði heimildarákvæði eingöngu.

11. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti:

Samkvæmt ákvæðinu er heimild verðbréfafyrirtækja til að sjá um útboð bundin við almenn útboð eins og þau eru skilgreind í 1. gr. frumvarpsins. Samtök verðbréfafyrirtækja leggja áherslu á það að þeim sé heimilt að sjá um öll útboð, þe.

hvorttveggja almenn og lokuð útboð, burtséð frá því hvort þau hafa einkarétt á slíkum útboðum eða ekki.

Samtök verðbréfafyrirtækja vara við því að skilgreina hlutverk verðbréfafyrirtækja með jafn tæmandi hætti og gert er í ákvæðinu. Í ljósi þeirra breytinga sem eru á fjármagnsmarkaði er heppilegra að fyrirtækin hafi ákveðið svigrúm í stað þess að hlutverk þeirra sé ákvarðað á jafn afgerandi hátt. Það að telja upp verkefni verðbréfafyrirtækja vekur upp ýmsar spurningar. Er hlutverk erlendra verðbréfafyrirtækja jafnafmarkað og hér kemur fram? Hvaða sjónarmið ráða þessu verkefnavali? Samtök verðbréfafyrirtækja hafa rætt við starfsmenn erlendra verðbréfafyrirtækja vegna þessarar lagasetningar. Í þessum samtölum hefur komið fram að erlend verðbréfafyrirtæki sjá um margvíslega fjármálaþjónustu. Ekki verður annað séð en erlend verðbréfafyrirtæki hafi það hlutverk að leysa úr fjárvöntun einstaklinga og fyrirtækja með einum eða öðrum hætti og hafi til þess mun rýmri heimildir en koma fram í 11. gr. frumvarpsins t.d. með því að útvega lán, kaupa skuldabréf ofl.

Með vísan til ofangreindra athugasemda er lagt til að ákvæðið hljóði svo:

Verðbréfafyrirtæki samkvæmt 7 gr. er, ásamt verðbréfamiðlurum heimilt að stunda verðbréfamiðlun gegn þóknun. Því er jafnframt heimilt að annast útboð verðbréfa, veita sölutryggingu á verðbréfum, gerast viðskiptavaki, annast fjárvörslu og ýmis konar fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og lögaðila, þó ekki innlána og útlánastarfsemi. Þá er verðbréfafyrirtæki heimilt að annast umsjá og vörslu verðbréfa verðbréfasjóða að fenginni viðurkenningu bankaeftirlitsins samkvæmt lögum um verðbréfasjóði. Öðrum aðila en verðbréfafyrirtæki er óheimilt að annast þá starfsemi sem að framan greinir nema lög ákveði annað.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að annast aðra starfsemi en um getur í 1. mgr.

Hvað felst í ýmis konar fjármálaþjónustu væri síðan hægt að skýra frekar í greinargerð.

14. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti:

Samtök verðbréfafyrirtækja telja 2 mgr. 14. gr. óþarfa, enda hljóta samkeppnislög að gilda um verðbréfafyrirtæki eins og önnur fyrirtæki í landinu.

17. gr frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti:

Samtök verðbréfafyrirtækja telja nauðsynlegt og **leggja mikla áherslu** á að samræma ákvæði 3. mgr. 17. gr. frumvarps til laga um verðbréfafyrirtæki við þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á 1. mgr. 20 gr. frumvarps til laga um verðbréfasjóði. Eins og áður hefur verið vikið að hefur ákvæði 1. mgr. 20 gr. tekið miklum breytingum frá því að upphaflegu frumvarpsdrögin voru lögð fram þann 1 júní s.l. og þar til að endanlegt frumvarp liggur fyrir nú í september. 3. mgr. 17 gr. frumvarpsins hefur hinsvegar ekki fylgt þessum breytingum eftir. Hér er því augljóslega samræmingar þörf. Lagt er til að ákvæðið hljóði þannig:

"Verðbréf í almennu útboði skulu skráð á opinberum verðbréfamarkaði samkvæmt reglum sem þar gilda um skráningu verðbréfa, eða ganga kaupum og sölu á öðrum skipulögðum markaði innan Evrópska efgangassvæðissins, sem er viðurkenndur starfar reglulega og er opin almennings".

Verði tekið tillit til ábendinga Samtaka verðbréfasjóða að því er varðar fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða, þyrfti að breyta 3 mgr. 17 gr. til samræmis við þá breytingu.

Jafnframt er ástæða til þess að benda á að heimild Seðlabanka í 2 mgr. 17 gr til þess að stöðva framboð nýrra verðbréfa getur valdið allnokkru tjóni ef slík stöðvun er ákveðin án hæfilegs fyrirvara. Þessi heimild er einnig óheppileg með tilliti til þess að Seðlabankinn er með sölu ríkisverðbréfa í ákveðinni samkeppni við verðbréfafyrirtækin.

18. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti:

Samtök verðbréfafyrirtækja telja óeðlilegt að heimildir eigenda verðbréfafyrirtækja til veðbréfakaupa séu takmarkaðir með sama hætti og stjórnenda og starfsmanna. Eigendur ekki síst í verðbréfafyrirtækjum með dreifða eignaraðild hafa ekki slík afskipti af rekstri verðbréfafyrirtæki að það réttlæti slíka takmörkun á athafnafrelsi þeirra.

Heimildin í 2 mgr. 18. gr. frumvarpsins er í samræmi við fjárfestingastefnu verðbréfasjóða. Í ljósi þeirra breytinga sem samtök verðbréfafyrirtækja hafa lagt til að gerðar verði á þeirri fjárfestingarstefnu yrði ef þær tillögur ná fram að ganga að breyta ákvæðinu með hliðsjón af því.

Samtök verðbréfafyrirtækja vilja eindregið mæla með því að 3. mgr. 18 gr. verði felld niður. Tillaga Samtaka verðbréfafyrirtækja sem felld var inn í lögin miðaðist við það að samþykki stjórnar og bókun í gerðarbók félli niður. Hinsvegar væri hugað að þessum þáttum í þeim reglum sem verðbréfafyrirtækin setja um þetta atriði og staðfestar verða að bankaeftirliti hvort og þá hvaða viðskipti skuli bókast í gerðarbók. Samtök verðbréfafyrirtækja hafa lýst þeirri skoðun sinni að þau telja minniháttar viðskipti starfsmanna ekki gefa tilefni til sérstakrar samþykktar stjórnar eða bókunar í gerðarbók. Rétt er að hafa í huga að bankaeftirlitið getur óskað eftir öllum viðskiptum starfsmanna jafnt stórum sem smáum hvenær sem er hjá verðbréfafyrirtækjunum enda eru öll viðskipti skráð. Sú framkvæmd sem farið er fram á í 4 mgr. 18 gr. er að mati samtaka verðbréfafyrirtækja alltof viðhlutamikil í mörgum tilvikum og hefði þá hættu í för með sér að stjórn verðbréfafyrirtækisins afgreiddi þessi viðskipti með sjálfvirkum hætti.

19. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti:

19. gr. bannar verðbréfafyrirtækjum að veita lán og ganga í ábyrgðir. Ástæða er til þess að vekja athygli á 1. tl. 41. gr. VII þáttar EB reglna þar sem "management company" er bannað að veita lán og ganga í ábyrgðir. Vegna villandi þýðingar verður að hafa í huga að "management company" sem er þýtt sem verðbréfafyrirtæki í í hinni íslensku þýðingu UCITS tilskipunarinnar, er allt annað en verðbréfafyrirtæki í skilningi frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti. Þar sem fjallað er um "management company" (verðbréfafyrirtæki) í EB reglum er átt við það sem kallað er rekstrarfélag í frumvarpi til laga um verðbréfasjóði. Ekki er því hægt að rökstyðja bannið með vísan til þessa ákvæðis í EB reglum.

Við setningu laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði þarf m.a. að leggja til grundvallar að ekki sé gengið lengra í að þrengja þær reglur sem íslenskum verðbréfasjóðum og verðbréfafyrirtækjum er ætlað að vinna eftir umfram það sem gert er ráð

fyrir í UCITS tilskipuninni. Jafnframt þarf að hafa að leiðarljósi að svipaðar reglur gildi um verðbréfafyrirtæki og önnur fyrirtæki í landinu eftir því sem við verður komið. Bæði þessi sjónarmið eru þverbrotin með setningu 19 gr. frumvarpsins. Sá rökstuðningur kemur fram í bréfi Viðskiptaráðuneytisins dags. 30 júlí að lánveitingar verðbréfafyrirtækja til kaupenda fyrir öllu eða hluta af kaupverði verðbréfa til lengri eða skemmri tíma kunni að leiða til óheppilegrar stöðu á verðbréfamarkaði og til þess að samkeppnin fari að snúast um bestu afborgunarkjör en ekki um ávöxtun, gæði og aðra eiginleika verðbréfanna. Þessar röksemdir eru ekkert einskorðar við lánveitingar verðbréfafyrirtækja heldur eiga þær almennt við um lánviðskipti. Lánviðskipti eru hinsvegar staðreynd í íslensku viðskiptalífi enda þótt finna megi ýmsar hliðar þeirra sem ekki eru endilega jákvæðar. Í íslensku löggjöf gildir sú regla að einstaklingum og lögaðilum er það í sjálfvald sett hvort þeir vilja bjóða upp á lánviðskipti eða ekki. Við slíka ákvörðun hlýtur viðkomandi að meta það hvort slík viðskipti bæti stöðu hans eða ekki. Ekki er óalgengt að innan sömu greinarinnar bjóði sum fyrirtæki upp á afborgunarkjör meðan önnur einskorða viðskiptin við staðgreiðslu. Aðalatriðið er að það eru fyrirtækin sjálf og viðskiptavinir þeirra sem meta kosti og galla þessara mismunandi leiða og taka ákvörðun út frá því.

19. gr kemur ekki í veg fyrir það að samkeppni á verðbréfamarkaði snúist að einhverju leyti um afborgunarkjör. Hún kemur einungis í veg fyrir að íslensk verðbréfafyrirtæki geti tekið þátt í þeirri samkeppni. Erlend verðbréfafyrirtæki (önnur en norsk) geta boðið upp á slík viðskipti hér á landi burtséð frá ákvæðum 19 gr. Lögfesting ákvæðisins eru því brot á jafnræði íslenskra og erlendra verðbréfafyrirtækja.

Afdráttarlaust orðalag ákvæðisins er ennfremur til þess fallið að valda ýmsum vandkvæðum í rekstri verðbréfafyrirtækja og raunar mjög erfitt fyrir verðbréfafyrirtækin að framfylgja ótvíræðum fyrirmælum ákvæðisins. Það er einkenni viðskipta á verðbréfamarkaði að þau gerast hratt. Lánsviðskipti eru til þess fallin að hraða viðskiptum. Stór hluti viðskipta á verðbréfamarkaði fer fram í gegnum síma þar sem óhjákvæmilegt er að veita einhvern frest á greiðslu (t.d. einn til tvo daga). Í framtíðinni má búast við því að viðskiptin verði að stórum hluta pappírslaus. Er með öllu útilokað að sjá fyrir sér starfsemi á verðbréfamarkaði án þess að veittur sé greiðslufrestur a.m.k til skemmri tíma. Vakin er athygli á því að ákvæðið bannar ekki einungis verðbréfafyrirtækjum að veita lán og ganga í ábyrgðir heldur einnig að hafa milligöngu um slík viðskipti, jafnvel þótt um slíkt væri fullt samkomulag milli seljanda og kaupanda. Lögfesting ákvæðisins ber vott um takmarkaðan skilning á eðli þess markaðar sem verið er að setja lög um og ótrúlega þröngt sjónarhorn til viðskiptahátta sem fyrir löngu eru viðurkenndir í vestrænu viðskiptalífi.

Þá skýtur það skökku við að verið sé að þrengja að verðbréfafyrirtækjunum að þessu leyti á sama tíma og felld er niður heimild þeirra til þess að reka verðbréfasjóði. Jafnframt verður ekki séð að einhverjar séraðstæður í rekstri verðbréfafyrirtækja réttlæti það að þau verði einu hlutafélögin á Íslandi sem ekki hafi heimild til lánsviðskipta. Ekki verður séð að þetta form viðskipta sé umfangsmeira hjá verðbréfafyrirtækjum en öðrum fyrirtækjum í landinu. Þá er ákvæðið úr takt við yfirlýst markmið Eb reglna um aukið frelsi á fjármagnsmarkaði.

22. gr frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti:

Vakin er athygli á því að verði tekið tillit til hugmynd samtaka verðbréfafyrirtækja um breytingar á fjárfestingastefnu verðbréfasjóða, er rétt að breyta þessu ákvæði til samræmis.

Um endurskoðendur. Ákvæði 29 gr frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti og 31 gr frumvarps til laga um verðbréfasjóði:

Samtök verðbréfafyrirtækja telja fyrirmæli 29. gr. frumvarps til laga um verðbréfavíðskipti og 31. gr. frumvarps til laga um verðbréfasjóði um stöðu endurskoðenda gagnvart bankaeftirliti Seðlabanks óeðlileg. Endurskoðendur eru ráðnir af stjórn fyrirtækis og bera ábyrgð gagnvart henni. Stjórnendur fyrirtækisins bera síðan ábyrgð á rekstri fyrirtækisins í þessu tilviki m.a skyldum gagnvart bankaeftirliti. Staða endurskoðanda á ekki að vera með þeim hætti að þeir séu með beinum eða óbeinum hætti starfsmenn bankaeftirlitsins. Slíkt getur haft þau áhrif að trúnaður milli endurskoðandans og fyrirtækisins verði á þann veg að endurskoðunin skili ekki tilætluðum árangri.

Staða Bankaeftirlitsins. Ákvæði 40 gr. frumvarps til laga um verðbréfasjóði og 38 gr. frumvarps til laga um verðbréfafyrirtæki.

Samtök verðbréfafyrirtækja vara við þeirri tilhneigingu sem kemur í fram í frumvarpinu og miða að því að auka umsvif bankaeftirlitisins við stjórn ýmissa þátta. Rétt er að taka fram að þessi gagnrýni beinist ekki að starfsmönnum bankaeftirlitsins heldur þeirri verkaskiptingu sem lögð er til grundvallar. Sum þeirra verkefna sem bankaeftirlitinu eru falin virðast falla frekar illa að því hlutverki sem bankaeftirlitið sem sjálfstæður og óháður eftirlitsaðili á að hafa. Samkvæmt 2 mgr. 10 gr. laga nr. 10/1961 um banka og lánastofnanir skal bankaeftirlitið fylgjast með því að lánastofnanir fylgi lögum og reglum, sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Það getur ekki talist heppileg niðurstaða að ráðherra á grundvelli 40. gr. frumvarps til laga um verðbréfasjóði feli bankaeftirlitinu að setja reglur um útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina og hafi jafnframt með höndum eftirlit með því að þessum reglum sé fylgt. Sjónarhorn Bankaeftirlitsins hlýtur alltaf að mótast töluvert af því hlutverki sem því er ætlað að gegna. Þetta sjónarhorn er vissulega eitt þeirra sem hlýtur og á að móta þær reglur sem verðbréfasjóði ber að fara eftir. Önnur sjónarmið s.s. sjónarmið verðbréfasjóðanna sjálfra, sem taka mið af samkeppnis- og markaðsstöðu verðbréfasjóðanna við erlenda sjóði hljóta einnig að vera lögð til grundvallar við setningu reglna. Með því að fela Bankaeftirlitinu að setja reglurnar eykst hættan á því að reglurnar mótist um of af sjónamiði Bankaeftirlitsins á kostnað annarra jafnréttihárra sjónarmiða.

Enda þótt reglur um innlausnarvirði séu ekki beinlínis til umfjöllunar nú er rétt að vekja athygli á því að full ástæða er til að endurskoða þessar reglur vegna þeirra breyttu aðstæðna sem framundan eru og tilurð þessara lagabreytinga byggist á. Helsta markmið frumvarps til laga um verðbréfasjóði er að samræma þær reglur sem um verðbréfasjóði gilda við reglur sem gilda munu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá hlýtur að vakna sú spurning hvaða reglur gildi um útreikning á innlausnarvirði samkvæmt reglum Evrópubandalagsins. Mjög mikilvægt er að sambærilegar reglur gildi að þessu leytinu þannig að sömu forsendur séu lagðar til grundvallar við útreikninginn. Útreikningur á innlausnarvirði er nátengdur fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðanna. Nýtt frumvarp til laga um verðbréfasjóði stefnir að því að

samræma fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða innan Evrópska efnahagssvæðisins. Með sama hætti hlýtur útreikningur á eignum sjóðanna að vera samræmdur.

